

24. gr.

98

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1936 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir rikissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

23. júní

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

99

um sölu þjóðjarðarinnar Hamra við Akureyri.

23. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Pétterski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Akureyrarkaupstað þjóðjörðina Hamra, sem liggur innan lögsagnarumdæmis Akureyrar.

2. gr.

Kaupverð jarðarinnar skal ákveðið með mati tveggja dómkvaddra manna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.